

121

29. júní

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 500 kr. sektum, er renna í sýslusjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal sæta sömu meðferð og almenn lögglumál.

11. gr.

Samþykkt og gjaldskrá félagsins má að eins breyta á aðalfundi, og þá því að eins, að tveir þriðju fundarmanna samþykki.

12. gr.

Nú þykir æskilegt að slíta félagsskap þessum, og er það heimilt, ef tveir þriðju fundarmanna á tveimur lögmetum félagsfundum samþykkja félagsslit. Ef félagið á þá ekki fyrir skuldum skal jafna þeim niður á félagsmenn samkvæmt gjaldskrá. Eignir þær, er félagið kynni að eiga, skulu ávaxtast í hreppssjóði Vopnafjarðarhrepps, unz samskonar félagsskapur tekur til starfa á þessu svæði.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1939.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

122

29. júní

ARÐSKRÁ

fyrir veiðifélag Vesturdalsár í Vopnafirði.

Arður af veiði í fiskihverfi félagsins telst hlutfallslega þannig, og skiptist milli jarða á félagssvæðinu í prósentum sem hér segir:

Skógar	14	%
Torfastaðir	14	—
Ljótsstaðir I	7	—
Ljótsstaðir II	4,6	—
Ljótsstaðir III	2,4	—
Vakursstaðir I	9	—
Vakursstaðir II	5	—
Ytri-Hlíð	7,5	—
Fremri-Hlíð	7,5	—
Rjúpnafell	5	—
Haugstaðir	14	—
Búastaðir	7,5	—
Norður-Skálanes	2,5	—

Arðskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1939.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.